Fjallabyggð

11 - UMHVERFISMÁL
STARFS- OG FJÁRHAGSÁÆTLUN
2015

Starfs- og Fjárhagsáætlun 2015

Inngangur

Hér á eftir fer tillaga að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir umhverfismál Fjallabyggðar. Undir málaflokkin heyrir umhverfisfulltrúi, skógrækt, opin svæði, jólaskreyting, minnka og refaeyðing.

Umhverfisfulltrúi

Gert er ráð fyrir að ráðinn sé umhverfisfulltrúi / umsjónarmaður yfir umhverfisverkefnum í fjóra mánuði á árinu eða frá 15 maí til 15 september.

Skógrækt

Samkvæmt samkomulagi við Skógræktarfélag Siglufjarðar sér sveitafélagið skógræktinni fyrir einu stöðugildi í tvo mánuði á ári og einum flokki frá vinnuskóla vikulega yfir sumarið. Helstu verkefni er útplöntun, grisjun og girðingavinna.

Opin svæði

Verkefni á opnum svæðum eru öll almenn umhirða í sveitarfélaginu. Lögð verður áhersla á að hefta útbreiðslu lúpínu og kerfils. Áfram verður unnið að aðgengi fyrir alla sem er átak í aðgengis málum fyrir fatlaða. Sumarstarfsmenn heyra undir opin svæði ásamt sláttuliði.

Jólaskreyting

Starsfmenn þjónustumiðstöðvar sjá uppsetningu á jólaskrauti að undanskildum ártölum í báðum bæjarkjörnum þar sem samið er við íþróttafélög um styrk fyrir uppsetningu.

Minka og refaeyðing

Fjallabyggð greiðir ráðnum skyttum fyrir grenjavinnslu í sveitarfélaginu. Áður fyrr var borgað fyrir skott á refum og mink óháð því hver veiðimaðurinn er og ekkert eftirlit með því hvort dýrin voru unnin í sveitafélaginu eður ei. Nú hefur verið samþykkt að einungis sé greitt fyrir skott sem unnin eru af ráðnum refaskyttum.

Fjárhagsáætlun 2015

Sundurliðun	Áætlun
Umhverfisfulltrúi	1.684.000
Skógrækt	1.494.000
Opin svæði	43.239.000
Jólaskreyting	3.710.000
Minnka og refaeyðing	1.000.000
Rekstrarniðurstaða	**51.327.000**

Deildarstjóri tæknideildar
Ármann Viðar Sigurðsson